



## Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi miðvikudaginn 18. mars 2015

### Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Samstarfssamningur við Textílsetur Íslands
3. Þjónusta við námsver
4. Önnur mál

Fundur settur kl. 9:10 af Arnari Þór formanni. Mætt á fundinn eru Valgarð Hilmarsson, Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Katharina Scneider framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Ársfundur Þekkingarsetra á Íslandi var haldinn á Blönduósi 12. febrúar. Fundurinn heppnaðist vel og var vel sóttur. Sérstaða Þekkingarsetursins hér varðandi textíl og fjölda starfsmanna. Kynningarefni er í vinnslu fyrir starfseminu í Kvennaskólanum. Búið er að kynna niðurstöður könnunar sem gerð var meðal ferðamanna sl. sumar. Námsefni fyrir Laxasetrið er tilbúið til prentunar. Ætlað grunnskólanemum. Búið er að ganga frá tveimur samstarfssamningum til eins árs við Hólaskóla varðandi Cat annars vegar og Heimilisiðnaðarsafnið hins vegar. Unnið hefur verið að þýðingarverkefnum fyrir fyrirtæki og fleiri. Rætt var um tengingu og samstarf við grunnskólana, efla það meira. Einnig var rætt um kynningarmál almennt. Þekkingarsetrið er samstarfsaðili vegna tveggja verkefna sem fengu styrk úr Vaxtarsamningi Nl. vestra. Annað er könnun á hagkvæmni sameiningar sýninga Hafíseturs og Laxaseturs. Hitt verkefnið er Slow travel, ferðaþjónustuverkefni. Óskað hefur verið eftir 500 þús. kr. framlagi Þekkingarseturs auk sérfræðiþekkingar við skýrslugerð. Ákveðið var að veita 500 þús. kr. til þessa verkefnis sem rúmast innan fjárhagsáætlunar 2015. Upphaflega var sótt eftir 1500 þús. fjárframlagi í verkefnið en því var hafnað. Samstarf er milli Farskólans og Þekkingarsetursins með námskeið sem fyrirhugað er að halda í haust fyrir ófaglærða starfsmenn bókasafna á Nl. vestra. 14. apríl verður haldinn fyrirlestur um veðurfarsbreytingar.
2. Gera þarf samstarfssamning við Textílsetur Íslands vegna ársins 2015. Stefnt er að því að textílsetur og listamiðstöðin verði sjálfbær á næsta ári. Erla mun væntanlega taka launalaust leyfi í sumar. Melody kemur aftur í sumar og verður með umsjón með listamiðstöðinni.
3. Athuga þarf með samstarfssamning við Blönduósbæ og Húnavatnshrepp vegna þjónustu sem veitt er vegna námsvers. Ákveðið var að leggja upp með samning á sama grunni og sveitarfélögin höfðu við Stéttarfélagið Samstöðu áður.

4. Miklar bókanir eru fyrirliggjandi í listamiðstöð í sumar og haust. Verið er að þróa vinnulag varðandi bókanir og greiðslur.

Ákveðið var að halda einn stjórnarfund í apríl fyrir ársfund Þekkingarseturs sem haldinn verður í maí.

Rætt var um hugsanlega sumarstarfsmenn vegna opnunar í húsinu og rannsóknarvinnu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

Þóra Sverrisdóttir